

Ár 1986, mánudaginn 30. júní, var í málinu nr. 4/1986 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

Ú R S K U R Ð U R :

Í máli þessu er til úrlausnar, hvort fasteign að Bolholti 4 í Reykjavík, eign Rósarkrossreglunnar, sé undanþegin fasteignaskatti. Í bréfi reglunnar, dags. 22. mars 1986, segir meðal annars:

"Fyrir hönd félagsins vil ég fara þess á leit við háttvirta yfirfasteignamatsnefnd að hún felli niður fasteignagjöld af félagsheimili voru að Bolholti 4, fjórðu hæð, Reykjavík.

Félagið er öllum opið, konum jafnt sem körlum og samanstendur af áhugamönnum um heimspekilega og trúarlega umræðu. Meðal viðfangsefna eru rætur evrópskrar menningar í Grikklandi og Egyptalandi, saga kristninnar og austræn trúarbrögð. Starfið byggist á lestri bókmennta, fundum og félagsstarfsemi.


Hjálagt er bréf Reynis Karlssonar deildarstjóra í Menntamálaráðuneytinu og formanns félagsheimilasjóðs. Þar staðfestir hann að við séum fræðslu- og menningarfélag og fellur húsnæði okkar því undir skilgreiningu laga um félagsheimili (lög nr. 107 28. okt. 1970 með áorðnum breytingum frá 1979)."


Samkvæmt bréfi, dags. 3. þessa mánaðar, er það skoðun Reykjavíkurborgar, að umrædd fasteign falli ekki undir undanþáguaðkvæði 5. gr. laga nr. 73/1980.


Ákvæði 5. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga og 6. gr. reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt eru undantekningarákvæði, sem skýra verður þröngt. Til félagsheimila í skilningi nefndra ákvæða verða þannig aðeins talin samkomuhús, er hafa verið reist og hlotið viðurkenningu með þeim hætti, sem ráð er fyrir gert í 2. málsg. 2. gr. laga nr. 107/1970 um félagsheimili. Gögn brestur fyrir því, að umrædd fasteign fullnægi síðastgreindu skilyrði. Ekki verður heldur séð, að fasteignin sé undanþegin fasteignaskatti af öðrum ástæðum.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Skýlt er að svara fasteignaskatta af ofangreindri fasteign

  
Pétur Stefánsson.

  
Gaukur Jónsson.

  
Arni Stefánsson.